

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1.500 þús.

6. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 80 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar. Enn fremur að taka lán, allt að 30 millj. kr., til rannsókna á landgrunninu.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskirteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	42.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30.0
Landshafnir	6.0
Flugöryggismál	18.0
Rafmagnsveitur ríkisins	30.0
Lagarfossvirkjun	45.0
Sveitarafvæðing	15.0
Landsvirkjun, eiginfjárukning	50.0

	Millj. kr.
Vatnsorkurannsóknir	20.0
Jarðhitarannsóknir	15.0
Jarðboranir ríkisins	7.5
Jarðvarmaveitur ríkisins	9.2
Jarðhitaleit	10.0
Laxárvirkjun	108.0
Sjóefnarannsóknir	5.7
Rannsóknastofnum iðnaðarins	9.5
Lögreglustöð í Reykjavík	12.0
Fjárvöntun frá 1970	3.9
Samtals	437.6

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

14. apríl 1971.

Nr. 30.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dregið frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærrí fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur $\frac{1}{4}$ hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra), eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum skattfrjálsum vöxtum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., eða lægri fjárhæð, skal telja helming slíkra hreinna tekna til frádráttar hreinum tekjum barnsins. Nemi hreinar tekjur barns meira en hálfum per-